

# Ráðstefna um eflingu lýðræðis hjá ríki og sveitarfélögum

Tjarnarsalur  
Miðvikudagur, 14. sept. kl. 10.15

---

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar  
Grímsson.

Innanríkisráðherra, Ögmundur  
Jónasson

Aðrir góðir gestir.

Hjartanlega velkomin í Ráðhús  
Reykjavíkur.

Enginn veit hvernig veröldin mun líta út eftir tíu ár. Ekki einu sinni eftir fimm. Við reynum öll að horfa fram í tímann, að minnsta kosti nokkur ár en staðreyndin er sú að við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.

Verkefni stjórnámálanna er að taka ákvarðanir sem varða framtíðina.

Hins vegar gleymist stundum að þeir einu sem geta metið ákvarðanir dagsins í dag eru þeir sem hafa séð afleiðingar þeirra og geta metið þær í ljósi sögunnar. Sumsé fólkið í framtíðinni.

Stundum verða atburðir til þess að heimurinn breytist í einu vetfangi - eins og þegar kreppan skall á haustið 2008.

Aðrar breytingar verða svo hægt og rólega að við tökum varla eftir þeim.

Það er til dæmis ekki ýkja langt síðan heimurinn var þannig að þeir sem fóru í háskóla og luku prófi gátu verið vissir um að fá vinnu við hæfi.

Menntun er ennþá mikilvæg en hún er ekki lengur trygging.

Margt vel menntað fólk fær ekki vinnu við sitt fag. Og margt ómenntað fólk fæst við störf sem áður þótti óhugsandi að það sinnti.

Ég held til að mynda að enginn hafi séð fyrir að ég yrði borgarstjóri í Reykjavík.

Þegar Besti flokkurinn fékk meirihluta atkvæða í sveitarstjórnarkosningum í fyrra fór hrollur um stjórnámálamenn um land allt.

Í umræðum á Alþingi kom meðal annars fram að þessi þróun væri alvarleg fyrir íslensk stjórnámál.

En hvað það var nákvæmlega sem var svona alvarlegt var aldrei útskýrt.

Það eina sem gerðist var að alls konar fólk, sem hingað til þótti ekki eiga erindi í pólitík, ákvað að gefa kost á sér í kosningum.

Og þvert á fyrstu spár sérfræðinga ákváðu borgarbúar að prófa eitthvað nýtt.

Reykvíkingar gerðu lýðræðislega byltingu og kusu flokk sem stjórnámálönnum og sérfræðingum þótti óhugsandi að næði kjöri. Með atkvæði sínu höfnuðu þeir því að stjórnámálamenn væru þeir einu sem gætu stjórnað borginni.

Í gegnum tíðina hef ég sinnt fjölmörgum störfum sem í fljótu bragði virðast ekki hafa verið undirbúningur undir borgarstjórarstarfið.

En hið sanna er að ég nýti alla mína reynslu á hverjum einasta degi.

Múrar á milli stétta eru smám saman að hverfa og við erum að átta okkur á því að alls konar fólk getur unnið alls konar störf. Lykillinn að góðum árangri er samvinna fólks með ólíka þekkingu.

Fæst erum við nefnilega sérfræðingar á einu sviði, heldur mörgum.

Í Reykjavík býr alls konar fólk. Okkur greinir á um margt en eitt eigum við þó sameiginlegt. Við búum öll yfir sérfræðipekkingu sem nýtist borginni.

Borgarbúar eru sérfræðingar í sinni borg, og þeir eru sérfræðingar í sínu umhverfi.

Við erum þátttakendur í borgarlífinu og við upplifum umhverfi okkar og þjónustu borgarinnar á hverjum degi.

Við sjáum hvernig umferðarskipulag virkar og hvort kennsla og þjónusta við börn og eldra fólk er nægilega góð, svo dæmi séu nefnd.

Borgaryfirvöld eru í vinnu hjá borgarbúum og það eru þeir sem greiða fyrir þjónustuna. Íbúar vita hvað



Þeir vilja og ættu því að hafa töluvert  
að segja um þær ákvarðanir sem  
teknar eru hverju sinni.

Borgarstjórn Besta flokksins og  
Samfylkingar hefur áhuga á að efla  
lýðræðislega umræðu og vill bjóða  
íbúum að taka þátt í ákvarðanatöku.

Og það eru raunar allir flokkar  
sammála um.

Það er auðvelt að stilla upp valkostum  
á netinu og bjóða upp á kosningu milli  
þeirra. En hausverkurinn er að finna  
leið til að skapa vettvang fyrir íbúana til

að taka þátt í UMRÆÐU um valkostina sem í boði eru.

Það er nefnilega ekki nóg að stilla upp valkostum – án umræðu tapast mikilvægasti hlekkurinn – samráðsferlið sjálf.

Stjórnámálamenn þurfa að geta boðið upp á samræður við fólkið í landinu án reiði, fordæmingar og rifrilda. Við þurfum að læra að leysa málin í samvinnu, með kærleika og virðingu að leiðarljósi.

Eitt af verkefnum borgarinnar í dag er að auka notkun netsins við að efla lýðræðið í borginni.

Verið er að þróa samráðsvef fyrir borgarbúa sem vilja hafa áhrif á stjórnun borgarinnar. Markmiðið er að opna leið fyrir íbúa til að vinna með borgarvöldum að stefnumótun og ákvarðanatöku.

Á vefnum munu íbúar geta komið hugmyndum um borgina á framfæri, skoðað hugmyndir annarra og gefið tillögum vægi. Ætlunin er að leggja atkvæðamestu hugmyndirnar ýmist

fyrir fag- eða hverfisráð borgarinnar og þeim atkvæðaminni er ætlað að vera ráðgefandi fyrir kjörna fulltrúa og stjórnendur.

Lýðræðið er áhættusamt því meirihlutinn hefur ekki alltaf rétt fyrir sér – en það hefur minnihlutinn ekki heldur.

Lífið er áhætta og tíminn einn leiðir í ljós hvort ákvörðun sem tekin er í dag verður til góðs eða ills á morgun.

Reykvíkingar hafa alltaf haft skiptar skoðanir um þann meirihluta sem

stjórnar borginni hverju sinni. Því  
breytir Besti flokkurinn ekki.

En kosning Besta flokksins breytti  
valdahlutföllum í borginni og hún er til  
vitnis um að fólk getur tekið höndum  
saman og haft áhrif á framtíðina.

Takk